

GJALDSKRÁ

vatnsveitu í þéttbýlinu í Sandgerði, Suðurnesjabæ.

1. gr.

Gjaldskýlda.

Suðurnesjabær innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala nóvembermánaðar 2024, 121 stig.

Þvermál heimæðar PE-mm	Verð í kr. miðast við byggingarvísitölu hvers mánaðar.	Verð í kr. pr. metra umfram 30 metra
32	405.306 kr.	6.134 kr.
40	567.427 kr.	6.134 kr.
50	810.609 kr.	6.134 kr.
63	1.148.364 kr.	7.253 kr.
75	1.553.668 kr.	8.371 kr.
90	2.026.527 kr.	9.488 kr.
110	2.837.135 kr.	10.606 kr.
Tenging til bráðabirgða	108.082 kr.	

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu sveitarfélagsins við lóðamörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimæð er lengri en 100 metrar skal samið sérstaklega um heimæðargjald. Heimæðargjald fyrir aðrar stærðir en nefndar eru er reiknað út hjá vatnsveitu sveitarfélagsins.

4. gr.

Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	7.500 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	15.000 kr./sólarhring

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingarvatni samkvæmt útlögðum kostnaði vatnsveitu. Sama gildir ef ídráttarrör vantar eða ídráttarrör reynast ónothæf.

5. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,130% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

6. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisstarfa, skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjaldsins er 26,50 kr. á rúmmetra (m³) vatns samkvæmt mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar, grunnvísitala nóvembermánaðar 2024 er 121 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunar einu sinni á ári, í janúar.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

7. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
<Ø 20 mm	19.725 kr.
<Ø 32 mm	25.643 kr.
<Ø 40 mm	28.601 kr.
<Ø 50 mm	34.516 kr.
<Ø 65 mm	41.914 kr.
<Ø 80 mm	56.707 kr.
>Ø 100 mm	110.953 kr.

Mælaleigan tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitala er vísitala nóvembermánaðar 2024, 121 stig.

8. gr.

Gjalddagar.

- Heimæðargjald:* Gjaldþagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki framkvæmda- og skipulagsráðs, nýtir lóð undir annað en byggingu mannvirkis miðast gjaldþagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- Vatnsgjald:* Gjaldþagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- Notkunargjald:* Gjaldþagar notkunargjalds eru á þriggja mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- Mælaleiga:* Gjaldþagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

9. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

10. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Jafnframt fellur brott samþykkt sama efnis nr. 1613/2023.

Samþykkt á 70. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar, 11. desember 2024.

Magnús Stefánsson bæjarstjóri.